

Vinnumarkaður 1991–2009

Labour market statistics 1991–2009

Samantekt

Á árinu 2009 voru 180.900 á vinnumarkaði. Af þeim voru 167.800 starfandi en 13.100 án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnupátttaka mældist 80,9%, hlutfall starfandi 75,1% og atvinnuleysi var 7,2%. Á árunum 1991 til 2009 hélst atvinnupátttaka nokkuð stöðug á bilinu 80,7% til 83,6%. Síðan reglulegar mælingar Hagstofunnar hófust árið 1991 hefur hlutfall starfandi aldrei mælst minna og atvinnuleysi meira en árið 2009. Mest atvinnuleysi fram að því var á árunum 1992 til 1995 eða á bilinu 4,3% til 5,3%.

Á árunum 1991 til 2009 var atvinnupátttaka og hlutfall starfandi mest meðal þeirra sem hafa lokið háskólamenntun en minnst meðal þeirra sem hafa aðeins lokið grunnenntun. Atvinnuleysi var minnst hjá þeim sem hafa lokið háskólamenntun en mest meðal þeirra sem hafa aðeins lokið grunnenntun. Meiri sveiflur eru hvað varðar atvinnupátttöku, hlutfall starfandi og atvinnuleysi hjá aldurshópnum 16–24 ára en öðrum aldurshópum á tímabilinu.

Heildarvinnutími karla hefur dregist saman úr 51,3 klukkustunum árið 1991 í 43,8 klukkustundir árið 2009 en vinnutími kvenna hefur haldist tiltölulega stöðugur í kringum 35 klukkustundir. Hlutfall kvenna í fullu starfi hefur aukist frá 1991 úr 51,6% í 63,1% árið 2009 á meðan hlutfall karla var í kringum 90%.

Í heftinu er gerð grein fyrir þróun á vinnumarkaði árin 1991 til 2009. Ítarlegra talnaefni má finna á vef Hagstofunnar undir efnisliðnum *Laun, tekjur og vinnumarkaður*.

Inngangur

Alþjóðlegir staðlar og skilgreiningar

Hagstofan hóf reglubundnar kannanir á vinnumarkaðnum árið 1991 og á árunum fram til 2002 voru framkvæmdar tvær kannanir á ári, í apríl og nóvember. Frá og með ársbyrjun 2003 hefur Hagstofan framkvæmt samfellda vinnumarkaðsrannsókn sem gefur niðurstöður fyrir hvern ársfjórðung. Rannsóknin er hluti af vinnumarkaðsrannsókn hagstofu Evrópusambandsins, *Eurostat*, og byggist hún á alþjóðlegum stöðlum og skilgreiningum. Niðurstöður eru því samanburðarhæfar við vinnumarkaðsrannsóknir í öðrum löndum EES og víðar.

Framkvæmd

Á árunum 1991 til 2002 var heildarúrtak vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar um 4.300 einstaklingar tvisvar á ári og var svarhlutfall á þessum árum 85% til 90%. Frá 2003 er heildarúrtakið rúm 3.800 einstaklingar í hverjum ársfjórðungi og svarhlutfall á milli 80% til 85%. Í úrtökuramma vinnumarkaðsrannsóknarinnar eru allir íslenskir og erlendir ríkisborgarar 16–74 ára sem skráðir eru í þjóðskrá og eru með lögheimili á Íslandi. Allar niðurstöður hafa verið vegnar eftir kyni og aldri.




Vinnuafli

Atvinnuþátttaka 80,9%

Að jafnaði voru 180.900 manns á vinnumarkaði árið 2009, sem jafngildir 80,9% atvinnuþátttöku. Frá því að Hagstofan hóf vinnumarkaðsrannsóknir sínar árið 1991 hefur atvinnuþátttaka haldist nokkuð stöðug, á bilinu 80,7–83,6%. Á sama tíma hefur vinnuaflið vaxið um 1,4% á ári að jafnaði, eða úr 140.500 árið 1991 í 180.900 árið 2009. Mestur vöxtur var milli áranna 2005 og 2006, eða 5,5%, en fækkun varð fjórum sinnum á tímabilinu, árin 1996, 2002, 2004 og 2009.

Mynd 1. Atvinnuþátttaka og vinnuafli eftir árum 1991–2009

Figure 1. Activity rates and Labour Force by years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2009: Atvinnuþátttaka $\pm 0,6$, vinnuafli ± 1.400 . CI (95%) 2009: Activity rate $\pm 0,6$, Labour force ± 1.400 .

Skilgreining atvinnuþátttöku

Á vinnumarkaði eða til vinnuaflsins teljast bæði þeir sem eru starfandi og atvinnulausir. Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda.

Mynd 2. Atvinnuþátttaka eftir kyni og árum 1991–2009

Figure 2. Activity rates by sex and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttaka 2009: Karlar $\pm 0,8$, konur $\pm 1,0$. CI (95%) 2009 Activity rate: Men $\pm 0,8$, Women $\pm 1,0$.

Atvinnuþátttaka kynja

Árið 2009 var atvinnuþátttaka karla 84,7% en kvenna 77,1%. Frá árinu 1991 hefur atvinnuþátttaka karla aldrei mælst lægri en mest mældist hún árið 2001, eða 88,2%. Atvinnuþátttaka kvenna var lægst árið 1991, eða 74,6%, en hæst árið 2000, eða 79%. Fjöldi karla á vinnumarkaði árið 2009 var að jafnaði 96.600 og hafði þeim fækkað um tæp 4.000 frá árinu 2008 þegar þeir voru 100.400. Meðalfjöldi kvenna á vinnumarkaði var 84.300 árið 2009.

Atvinnuþátttaka eftir aldri

Frá árinu 1991 til 2009 hefur atvinnuþátttaka alltaf verið mest í aldurshópnum 25–54 ára eða í kringum 90%. Árið 2009 var hún 89,3% og er það minnsta atvinnuþátttakan í þessum hópi á tímabilinu. Mestar sveiflur hafa verið hjá aldurshópnum 16–24 ára, en það er fámennasti hópurinn og hefur minnsta viðloðun við vinnumarkaðinn. Árið 2009 var atvinnuþátttaka þessa hóps 73,4%. Atvinnuþátttaka þeirra sem eru 55–74 ára er ekki jafn sveiflukennd og 16–24 ára og hefur farið minnkandi frá árinu 1991 til 2009, eða úr 70,4% í 65,7.

Mynd 3. Atvinnuþátttaka eftir aldurshópum og árum 1991–2009*Figure 3. Activity rates by age-groups and years 1991–2009*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttaka 2009: 16–24 ára $\pm 1,8$, 25–54 ára $\pm 0,7$, 55–74 ára $\pm 1,4$. *CI (95%) 2009 Activity rate: 16–24 years $\pm 1,8$, 25–54 years $\pm 0,7$, 55–74 years $\pm 0,7$.*

Á vinnumarkaði árið 2009 voru 29.700 manns á aldrinum 16–24, 117.000 á aldrinum 25–54 ára og 34.200 á aldrinum 55–74 ára.

Atvinnuþátttaka eftir búsetu


Á höfuðborgarsvæðinu var atvinnuþátttaka árið 2009 ívið meiri en utan þess eða 81,2%, á móti 80,4%. Þegar höfuðborgarsvæðinu er skipt í tvennt má sjá að atvinnuþátttaka er hlutfallslega meiri í nágrenni Reykjavíkur en í Reykjavík, eða 82,6% á móti 80,3%.

Skilgreining á búsetu

Til höfuðborgarsvæðisins teljast Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes, Garðabær, Hafnarfjörður, Álftanes og Mosfellsbær. Nágrenni Reykjavíkur eru sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu önnur en Reykjavík. Með landsbyggð er átt við þann hluta byggðarinnar sem ekki er á höfuðborgarsvæðinu.

Mynd 4. Atvinnuþátttaka eftir búsetu og árum 1991–2009

Figure 4. Activity rates by regions and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttaka 2009: Höfuðborgarsvæði $\pm 0,8$, utan höfuðborgarsvæðis $\pm 1,0$. Reykjavík $\pm 1,1$, nágrenni Reykjavíkur $\pm 1,2$. CI (95%) Activity rate 2009: Capital region $\pm 0,8$, Other regions $\pm 1,0$, Reykjavík $\pm 1,1$, Reykjavík surrounding area $\pm 1,2$.

Atvinnuþátttaka eftir menntun

Á árunum 1991 til 2009 var atvinnuþátttaka mest meðal fólks sem hefur lokið háskólamenntun eða á bilinu 91,2% til 96,4%. Hjá þeim sem höfðu lokið starfs- eða framhaldsmenntun var atvinnuþátttakan á milli 80,9% og 86% og hjá þeim sem höfðu lokið grunnenntun eða minna var atvinnuþátttakan á bilinu 73,4% til 79,3%. Árið 2009 var atvinnuþátttaka þeirra sem höfðu lokið grunnenntun 74,3%, starfs- eða framhaldsmenntun 80,9% og háskólamenntun 91,2%.

Mynd 5. Atvinnuþátttaka eftir menntun og árum 1991–2009

Figure 5. Activity rates by education and years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuþátttöku fyrir grunnenntun árið 2009 er $\pm 1,2$, $\pm 1,1$ fyrir starfs- og framhaldsmenntun og $\pm 1,0$ fyrir Háskólamenntun. CI (95%) Activity rate 2009: ISCED 1,2 $\pm 1,2$, ISCED 3,4 $\pm 1,1$, ISCED 5,6 $\pm 1,0$

Flokkunarstaðall menntunar

Menntun er flokkuð eftir flokkunarkerfinu ÍSNÁM2008 sem byggir á alþjóðlega flokkunarstaðlinum ISCED (International Standard Classification of Education). Árið 1997 var tekinn upp nýr alþjóðlegur flokkunarstaðall fyrir menntun, ISCED-97, sem leysti af hólmi fyrri ISCED-staðal frá árinu 1976.


Starfandi fólk

Fækkun starfandi fólks

Fjöldi starfandi árið 2009 var að jafnaði 167.800 manns og hlutfall starfandi af mannfjölda var 75,1%. Frá 2008 hefur starfandi fólki fækkað um 10.800 eða úr 178.600. Hlutfall starfandi hefur ekki mælst minna en á árinu 2009 síðan reglulegar mælingar Hagstofunnar hófust árið 1991. Á tímabilinu fór hlutfall starfandi yfir 81% árin 1999 til 2001 og árið 2007.

Mynd 6. Starfandi eftir árum 1991–2009

Figure 6. Employed by years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2009: Hlutfall starfandi $\pm 0,7$, fjöldi starfandi ± 1.600 . CI (95%) 2009: Employment rate $\pm 0,7$, Employed ± 1.600 .

Skilgreining á starfandi


Fólk telst vera starfandi ef það hefur unnið eina klukkustund eða lengur í viðmiðunarviku könnunar eða verið fjarverandi frá starfi sem það gegnir að öllu jöfnu. Einstaklingur í fæðingarorlofi telst vera fjarverandi frá vinnu hafi hann farið í leyfi úr launuðu starfi jafnvel þótt hann hafi ekki hug á að hverfa aftur til sama starfs.

Starfandi eftir kyni

Hlutfall starfandi karla árið 2009 var 77,4% en starfandi kvenna 72,7%. Körlum fækkaði um 8.800, úr 97.100 árið 2008 í 88.300 árið 2009 og konum fækkaði um 2.000 á sama tíma, eða úr 81.500 í 79.500.

Mynd 7. Hlutfall starfandi eftir kyni og árum 1991–2009


Figure 7. Employment rate by sex and years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall starfandi 2009: Karla $\pm 1,0$, konur $\pm 1,0$. CI (95%) Employment rate 2009: Men $\pm 1,0$, Women $\pm 1,0$.

Starfandi eftir aldri


Eins og með atvinnuþátttöku var hlutfall starfandi árið 2009 mest meðal þeirra sem eru í aldurshópnum 25–54 ára, eða 83,8%. Hlutfall starfandi í hópnum 55–74 ára var 63,5% og hefur verið tiltölulega stöðugt undan farin ár. Yngsti aldurshópurinn hefur verið mest flöktandi undanfarin ár og var árið 2009 61,7% en var árin fjögur þar á undan rúm 70%.

Mynd 8. Hlutfall starfandi eftir aldurshópum og árum 1991–2009*Figure 7. Employment rate by age-groups and years 1991–2009*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall starfandi 2009: 16–24 ára $\pm 2,0$, 25–54 ára $\pm 0,9$, 55–74 ára $\pm 1,4$. CI (95%) Employment rate 2009: 16–24 years old $\pm 2,0$, 25–54 years old $\pm 0,9$, 55–74 years old $\pm 1,4$.

Starfandi eftir búsetu


Hlutfall starfandi fólks í Reykjavík árið 2009 var 73,5% en var 79,7% árið 2008. Í nágrenni Reykjavíkur var það 76,9% en var 81,7% árið áður. Utan höfuðborgarsvæðisins var hlutfall starfandi 75,4% en var 79,4 árið 2008. Meðaltal alls höfuðborgarsvæðisins árið 2009 var 74,9% en var 80,4% árið áður.

Mynd 9. Hlutfall starfandi eftir búsetu og árum 1991–2009*Figure 9. Employment rate by regions and years 1991–2009*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall starfandi 2009: Höfuðborgarsvæði $\pm 0,9$, utan höfuðborgarsvæðis $\pm 1,2$, Reykjavík $\pm 1,2$, nágrenni Reykjavíkur $\pm 1,4$. CI (95%) Activity rate 2009: Capital region $\pm 0,9$, Other regions $\pm 1,2$, Reykjavík $\pm 1,2$, Reykjavík surrounding area $\pm 1,4$.

Starfandi eftir menntun


Á árunum 1991 til 2009 var hlutfall starfandi hæst meðal háskólamenntaðra eða frá 87,6% til 95,6%. Hjá þeim sem höfðu lokið starfs- eða framhaldsmenntun var hlutfall starfandi á milli 76% og 84,6% og hjá þeim sem höfðu lokið grunnskólamenntun eða minna var hlutfall starfandi á bilinu 65,9% til 76,5%. Lægstu gildin fyrir alla hópa voru árið 2009.

Mynd 10. Hlutfall starfandi eftir menntun og árum 1991–2009*Figure 10. Employment rate by education and years 1991–2009*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall starfandi 2009: Grunmmenntun $\pm 1,3$, starfs- og framhaldsmenntun $\pm 1,2$, háskólamenntun $\pm 1,2$. CI (95%) Employment rate 2009: ISCED 1,2 $\pm 1,3$, ISCED 3,4 $\pm 1,2$, ISCED 5,6 $\pm 1,2$.

Starfshlutfall**Hlutastörfum fjölga á kostnað fullrar atvinnu**

Af starfandi fólki árið 2009 voru að meðaltali 127.300 í fullu starfi, eða 75,9% og 40.500 í hlutastarfi eða 24,1%. Starfandi í fullu starfi fækkaði um 13.300 frá 2008 úr 140.500 en fólki í hlutastörfum fjölgaði um 2.500 manns úr 38.000.

Mynd 11. Starfandi í fullu starfi eftir árum 1991–2009*Figure 11. Employed full time by years 1991–2009*


Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2009: Hlutfall fólks í fullu starfi $\pm 0,8$, fjölda í fullu starfi ± 1.300 . CI (95%) 2009: Full time employment rate $\pm 0,8$, Full time employed ± 1.300 .

Skilgreining á fullu starfi

Þeir sem eru starfandi og unnu 35 stundir eða meira að jafnaði teljast í fullu starfi.

Fullt starf eftir kyni


Á árunum 1991 til 2009 var hlutfall karla í fullu starfi í kringum 90%. Hlutfallið var hæst árið 1991 eða 91,2% en lægst árið 2009 eða 87,4%. Á sama tímabili jókst hlutfall kvenna í fullu starfi úr 51,6% í 63,1%.

Mynd 12. Starfandi í fullu starfi eftir kyni og árum 1991–2009*Figure 12. Employed full time by sex and years 1991–2009*

Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall í fullu starfi 2009: Karlar er $\pm 0,9$, konur $\pm 1,4$. CI (95%) Full-time employment (%): Men $\pm 0,9$, women $\pm 1,4$.

Fullt starf eftir aldri

Á tímabilinu 1991 til 2009 var hlutfall starfandi í fullu starfi hæst í aldurshópnum 25–54 ára, næst á eftir kemur aldurshópurinn 55–74 ára en lægst hjá aldurshópnum 16–24 ára. Mestar sveiflur á starfshlutfalli voru hjá yngsta aldurshópnum en árið 1991 var hlutfallið hæst eða 67,8% en lægst árið 2002 eða 48,1%.

Mynd 13. Starfandi í fullu starfi eftir aldri og árum 1991–2009*Figure 13. Employed full time by age-groups and years 1991–2009*


Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall í fullu starfi 2009: 16–24 ára $\pm 2,5$, 25–54 ára $\pm 0,9$, 55–74 ára $\pm 1,8$. CI (95%) Full-time employment 2009: 16–24 years old $\pm 2,5$, 25–54 years old $\pm 0,9$, 55–74 years old $\pm 1,8$.

Fullt starf eftir búsetu

Hlutfall fólks á höfuðborgarsvæðinu í fullu starfi lækkar úr 79,5% árið 2008 í 75,8% árið 2009. Utan höfuðborgarsvæðisins varð einnig lækkun úr 77,3% árið 2008 í 76,2% árið 2009. Hlutfall fólks í fullu starfi í Reykjavík árið 2009 var 75,2% en í nágrenni Reykjavíkur var það 76,4%.

Mynd 14. Starfandi í fullu starfi eftir búsetu og árum 1991–2009

Figure 14. Employed full time by regions and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall í fullu starfi 2009: Höfuðborgarsvæði $\pm 1,0$, utan höfuðborgarsvæðisins $\pm 1,4$. Reykjavík $\pm 1,4$, nágrenni Reykjavíkur $\pm 1,6$. CI (95%) Full-time employment 2009: Capital region $\pm 1,0$, Other regions $\pm 1,4$, Reykjavík $\pm 1,4$, Reykjavík surrounding area $\pm 1,6$.

Fullt starf eftir menntun

Þegar á heildina er litið þá hefur hlutfall starfandi fólks í fullu starfi árið 2009 lækkað frá árunum á undan. Sá hópur sem helst hefur haldið starfshlutfallinu eru þeir sem eru með háskólamenntun en 83,4% þess hóps er í fullu starfi. Hlutfall þeirra sem hafa starfs- eða framhaldsmenntun er 77,1% og þeirra sem lokið hafa grunnmenntun eða minna er 67,5%.

Mynd 15. Starfandi í fullu starfi eftir menntun og árum 1991–2009

Figure 15. Employed full time by education and years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) hlutfall í fullu starfi 2009: Grunnmenntun $\pm 1,6$, starfs- og framhaldsmenntun $\pm 1,3$, háskólamenntun $\pm 1,4$. CI (95%) Full-time employment 2009: ISCED 1,2 $\pm 1,6$, ISCED 3,4 $\pm 1,3$, ISCED 5,6 $\pm 1,4$.


Atvinnuleysi

13.100 manns að meðaltali án atvinnu og í atvinnuleit

Árið 2009 voru að meðaltali 13.100 manns án vinnu og í atvinnuleit eða 7,2% vinnuaflsins, sem er hæsta hlutfall sem mælt hefur frá því Hagstofa Íslands hóf reglubundnar vinnumarkaðsrannsóknir. Atvinnulausum fjölgaði um 7.600 frá árinu 2008 þegar 5.500 manns voru án vinnu og í atvinnuleit. Mest atvinnuleysi fram að því var á árunum 1992 til 1995 eða á bilinu 4,3% til 5,3% en þá voru á milli 6.200 og 7.700 manns án vinnu og í atvinnuleit.

Mynd 16. Atvinnuleysi eftir árum 1991–2009

Figure 16. Unemployed by years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) 2009: Atvinnuleysi $\pm 0,5$, atvinnulausir ± 900 . CI (95%) 2009: Unemployment rate $\pm 0,5$, Unemployed ± 900 .

Skilgreining á atvinnuleysi


Atvinnulausir teljast þeir sem voru án atvinnu í viðmiðunarviku könnunarinnar, þ.e. höfðu hvorki atvinnu né voru í vinnu (í eina klukkustund eða lengur) sem launþegi eða sjálfstætt starfandi, eru að leita að vinnu og geta hafið störf innan tveggja vikna eða hafa fengið starf sem hefst innan 3 mánaða. Einstaklingar sem eru ekki í vinnu en eru í námi flokkast atvinnulausir ef þeir uppfylla skilyrðin hér að ofan.

Atvinnuleysi eftir kyni

Atvinnuleysi árið 2009 mældist 8,6% hjá körlum en frá árinu 1991 hefur það aldrei mælt svo hátt. Hjá konum mældist atvinnuleysið 5,7% en er það svipað hlutfall og á árunum 1993 og 1994 þegar 5,5% kvenna voru án vinnu og í atvinnuleit.

Mynd 17. Atvinnuleysi eftir kyni og árum 1991–2009

Figure 17. Unemployment rate by sex and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuleysi 2009. Karla er $\pm 0,8$, konur $\pm 0,7$. CI (95%) Unemployment rate 2009: Men $\pm 0,8$, Women $\pm 0,7$.

Atvinnuleysi eftir aldri

Árið 2009 var atvinnuleysi mest meðal fólks á aldrinum 16–24 ára eða 16%. Frá árinu 1991 hefur atvinnuleysi meðal þessa hóps aðeins fjórum sinnum farið undir 6% en það var árið 1991 og árin 1999 til 2001. Minnst mældist atvinnuleysið 2009 hjá fólki á aldrinum 55–74 ára eða 3,4% og hjá fólki á aldrinum 25–54 ára var það 6,2% að meðaltali.

Mynd 18. Atvinnuleysi eftir aldri og árum 1991–2009

Figure 18. Unemployment rate by age-groups and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuleysi 2009: 16–24 $\pm 1,8$, 25–54 ára $\pm 0,6$, 55–74 ára $\pm 0,8$. CI (95%) Unemployment rate 2009: 16–24 years old $\pm 1,8$, 25–54 years old $\pm 0,6$, 55–74 years old $\pm 0,8$.

Atvinnuleysi eftir búsetu

Árið 2009 var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu 7,8% en utan höfuðborgarsvæðisins var atvinnuleysið 6,2%. Atvinnuleysi í Reykjavík var 8,5% en 6,9% í nágrenni Reykjavíkur.

Mynd 19. Atvinnuleysi eftir búsetu og árum 1991–2009

Figure 19. Unemployment rate by regions and years 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuleysi 2009: Höfuðborgarsvæði $\pm 0,7$, utan höfuðborgarsvæðis $\pm 0,8$, Reykjavík $\pm 0,9$, nágrenni Reykjavíkur. CI (95%) Unemployment rate 2009: Capital region $\pm 0,7$, Other regions $\pm 0,8$, Reykjavík $\pm 0,9$, Reykjavík surrounding area $\pm 1,0$.

Atvinnuleysi eftir menntun

Á árunum 1991 til 2009 mældist atvinnuleysið minnst hjá þeim sem höfðu lokið háskólamenntun, eða frá 0,1% árið 1991 til 4,0% árið 2009. Atvinnuleysi meðal þeirra sem höfðu lokið starfs- eða framhaldsmenntun var minnst árið 1999, eða 1,2%, en mest árið 2009, eða 6,1%. Sama á við um þá sem höfðu lokið grunnmenntun, atvinnuleysið var minnst 3,2% árið 1999 en mest 11,2% árið 2009.

Mynd 20. Atvinnuleysi eftir menntun og árum 1991–2009

Figure 20. Unemployment rate by education and years 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) atvinnuleysi 2009: Grunnmenntun $\pm 1,1$, starfs- og framhaldsmenntun $\pm 0,8$, háskólamenntun $\pm 0,7$. CI (95%) Unemployment rate 2009: ISCED 1,2 $\pm 1,1$, ISCED 3,4 $\pm 0,8$, ISCED 5,6 $\pm 0,7$.


Vinnustundir

Vinnustundir 39,6 klukkustundir
á viku

Á árinu 2009 var meðalfjöldi vinnustunda á viku 39,6 klukkustundir, 43,8 klukkustundir hjá körlum en 34,8 hjá konum. Á tímabilinu 1991 til 2009 hefur vinnutími karla minnkað frá 51,3 klukkustund í 43,8 klukkustundir á meðan vinnustundir kvenna hafa verið tiltölulega stöðugar eða í kringum 35 klukkustundir.

Mynd 21. Vinnustundir á viku eftir kyni 1991–2009

Figure 21. Hours of work per week by sex 1991–2009




Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) vinnustundir 2009: Heildarvinnutími $\pm 0,3$, karlar $\pm 0,5$, konur $\pm 0,4$. CI (95%) Hours of work 2009: Total $\pm 0,3$, Men $\pm 0,5$, Women $\pm 0,4$.

Vinnustundir fólks eftir
starfshlutfalli

Á árinu 2009 var meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í fullu starfi 44,8 klukkustundir á viku. Karlar í fullu starfi unnu 46,8 klukkustundir en konur í fullu starfi 41,6 klukkustundir. Meðalfjöldi vinnustunda hjá þeim sem voru í hlutastarfi voru 23 klukkustundir, 22,3 klukkustundir hjá körlum en 23,2 klukkustundir hjá konum.

Mynd 22. Vinnustundir á viku eftir starfshlutfalli 1991–2009

Figure 22. Hours of work per week by full-time/part-time 1991–2009



Skýringar Notes: Öryggisbil (95%) vinnustundir 2009: Fullt starf $\pm 0,3$, hlutastarf $\pm 0,5$. CI (95%) Hours of work 2009: Full-time $\pm 0,3$, Part time $\pm 0,5$.

English Summary

The number of persons in the labour force in 2009 was 180,900 of which 167,800 were employed and 13,100 unemployed. The activity rate was 80.9%, employment rate was 75.1% and unemployment rate was 7.2%. In the years 1991 to 2009 the activity rate was rather stable between 80.7% and 83.6%. Since 1991 the employment rate has never been lower and the unemployment rate higher than in 2009. Until 2009 the highest unemployment rate was in the years 1992 to 1995 or between 4.3% and 5.3%.

In the years 1991 to 2009 the activity rate and employment rate was highest amongst those with university degree and lowest amongst those with only primary education. Unemployment rate was lowest amongst those with university degree and highest amongst those with only primary education.

The average number of working hours of men decreased from 51.3 hours in 1991 to 43.8 hours in 2009 while the average number of working hours of women was rather stable around 35 hours. Proportion of women in full time work has increased since 1991 from 51.6% to 63.1% in 2009 while the proportion of men in full time work was around 90%.

Implementation

Statistics Iceland began conducting regular labour force surveys (LFS), twice a year in April and November, in 1991. Since 2003 Statistics Iceland has conducted a continuous LFS with quarterly results. The Icelandic LFS is part of the European LFS and based on international criterias and definitions.

In the years 1991 to 2002 the total sample size was around 4,300 individuals twice a year and the response rate was between 85% and 90%. Since 2003 the total sample size was around 3,800 individuals in each quarter and the response rate between 80% and 85%. The sampling frame for each LFS is drawn from all Icelandic and foreign citizens in the National Registry who are 16–74 years of age and domiciled in Iceland. All figures have been weighted by sex and age groups.

Tafla 1. Vinnumarkaður 1991–2009 — hlutföll og meðaltöl
Table 1. Labour market 1991–2009 — rates and means

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Alls Total								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	81,6	82,3	82,2	83,1	83,3	82,6	80,9	0,6
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	78,0	79,9	79,8	80,7	81,3	80,1	75,1	0,7
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	72,4	72,8	75,9	77,5	77,6	78,7	75,9	0,8
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	27,6	27,2	24,1	22,5	22,4	21,3	24,1	0,8
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	4,5	2,9	2,9	2,9	2,3	3,0	7,2	0,5
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	43,0	43,5	42,5	42,4	41,9	41,6	39,6	0,3
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	50,2	50,6	48,2	47,2	46,8	46,3	44,8	0,3
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,2	23,6	23,8	24,7	24,0	23,0	23,0	0,5
Karlar Males								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	86,9	87,1	86,5	87,5	87,6	87,1	84,7	0,8
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	83,2	84,9	83,9	85,1	85,6	84,2	77,4	1,0
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	90,0	88,9	89,6	90,1	90,2	90,0	87,4	0,9
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	10,0	11,1	10,4	9,9	9,8	10,0	12,6	0,9
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	4,2	2,5	3,0	2,7	2,3	3,3	8,6	0,8
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	50,3	50,4	48,1	47,5	46,9	46,2	43,8	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	53,1	53,8	50,9	49,9	49,4	48,9	46,8	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	22,9	22,0	23,0	25,0	22,6	21,3	22,3	1,0
Konur Females								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	76,2	77,5	77,9	78,4	78,6	77,7	77,1	1,0
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	72,6	74,8	75,7	76,0	76,8	75,7	72,7	1,0
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	51,9	54,2	60,5	62,6	62,6	65,2	63,1	1,4
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	48,1	45,8	39,5	37,4	37,4	34,8	36,9	1,4
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	4,8	3,5	2,8	3,1	2,3	2,6	5,7	0,7
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	34,3	35,3	35,9	36,0	35,6	35,8	34,9	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	44,3	44,5	43,5	42,6	42,1	42,0	41,6	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,2	24,0	24,1	24,6	24,4	23,6	23,2	0,6
Höfuðborgarsvæði Capital region								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	80,9	81,8	82,0	83,0	83,8	82,9	81,2	0,8
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	77,1	79,3	79,5	80,5	81,9	80,4	74,9	0,9
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	72,2	73,1	76,5	78,3	78,8	79,5	75,8	1,0
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	27,8	26,9	23,5	21,7	21,2	20,5	24,2	1,0
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	4,6	3,2	3,1	3,0	2,3	3,0	7,8	0,7
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	41,9	42,7	41,6	41,5	40,9	40,7	38,6	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	48,9	49,6	47,1	45,9	45,4	45,1	43,7	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	22,9	23,0	23,2	24,6	23,2	22,6	22,2	0,6
Utan höfuðborgarsvæðis Other regions								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	82,6	83,1	82,5	82,7	81,8	81,8	80,4	1,1
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	79,2	81,0	80,4	80,6	79,9	79,4	75,4	1,2
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	72,7	72,4	75,0	76,0	75,5	77,3	76,1	1,4
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	27,3	27,6	25,0	24,0	24,5	22,7	23,9	1,4
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	4,2	2,6	2,5	2,5	2,3	2,9	6,2	0,8
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	44,6	44,8	44,0	44,1	44,0	43,2	41,4	0,6
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	52,1	52,2	50,2	49,8	49,8	48,7	46,7	0,7
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,6	24,5	24,8	25,0	25,3	23,8	24,3	1,0

Tafla 1. Vinnumarkaður 1991–2009 — hlutföll og meðaltöl (frh.)
 Table 1. Labour market 1991–2009 — rates and means (cont.)

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Reykjavík Capital city								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	80,0	81,1	81,3	82,8	83,6	82,2	80,3	1,1
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	75,9	78,4	78,5	80,2	81,7	79,7	73,5	1,2
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	73,1	73,9	77,6	78,2	78,1	79,2	75,2	1,4
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	26,9	26,1	22,4	21,8	21,9	20,8	24,8	1,4
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	5,2	3,4	3,4	3,2	2,3	3,1	8,5	0,9
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	41,9	42,7	41,7	41,3	40,5	40,2	38,4	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	48,6	49,4	46,9	45,9	45,1	44,8	43,7	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	22,9	23,0	22,8	23,9	23,3	22,1	21,7	0,8
Nágrenni Reykjavíkur								
Reykjavík surrounding areas								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	82,7	83,2	83,4	84,1	84,7	84,1	82,6	1,2
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	79,6	80,9	81,2	81,6	82,7	81,7	76,9	1,4
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	70,5	71,6	74,7	78,5	79,6	79,9	76,4	1,6
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	29,5	28,4	25,3	21,5	20,4	20,1	23,6	1,6
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	3,7	2,7	2,6	2,9	2,4	2,9	6,9	1,0
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	41,9	42,5	41,6	41,8	41,3	41,5	38,9	0,6
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	49,6	49,8	47,4	45,9	45,7	45,7	43,7	0,6
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,0	23,1	23,8	25,6	23,1	23,4	23,0	1,0
16–24 ára 16–24 years								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	66,7	72,6	74,4	79,3	80,0	78,6	73,4	1,8
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	60,4	68,2	69,1	72,8	74,3	72,1	61,7	2,0
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	62,0	55,1	57,6	60,3	58,8	59,6	51,0	2,5
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	38,0	44,9	42,4	39,7	41,2	40,4	49,0	2,5
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	9,5	6,2	7,1	8,2	7,2	8,2	16,0	1,8
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	37,6	34,7	34,6	35,5	35,8	34,3	31,6	1,0
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	49,5	48,6	46,8	46,0	46,8	45,5	44,7	1,1
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	16,5	16,5	17,5	18,6	18,8	17,4	17,4	0,9
25–54 ára 25–54 years								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	91,2	91,5	91,2	90,8	90,6	89,9	89,3	0,7
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	87,9	89,6	89,2	89,1	89,4	88,1	83,8	0,9
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	75,5	77,1	80,8	82,3	83,0	84,6	82,4	0,9
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	24,5	22,9	19,2	17,7	17,0	15,4	17,6	0,9
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	3,5	2,2	2,1	1,8	1,3	2,0	6,2	0,6
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	45,1	46,0	44,6	44,1	43,5	43,6	41,5	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	51,3	51,5	48,7	47,5	46,8	46,7	44,9	0,4
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	25,5	26,7	27,0	27,6	26,6	25,8	25,6	0,8
55–74 ára 55–74 years								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	69,0	65,0	64,5	65,8	66,3	66,4	65,7	1,4
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	66,7	63,3	63,3	64,8	65,5	65,3	63,5	1,4
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	69,8	73,4	74,4	75,4	75,3	74,6	72,7	1,8
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	30,2	26,6	25,6	24,6	24,7	25,4	27,3	1,8
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	3,3	2,7	1,9	1,5	1,1	1,6	3,4	0,8
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	39,7	42,1	41,7	42,4	41,7	40,6	39,3	0,6
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	46,7	48,1	47,2	47,3	46,8	45,6	44,4	0,7
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,2	24,7	24,6	26,3	25,5	25,2	24,9	1,0

Tafla 1. Vinnumarkaður 1991–2009 — hlutföll og meðaltöl (frh.)
 Table 1. Labour market 1991–2009 — rates and means (cont.)

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Grunnmenntun ISCED 1, 2								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	75,5	77,0	76,4	78,8	77,9	77,7	74,3	1,2
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	70,3	73,4	72,9	74,9	74,6	73,6	65,9	1,3
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	63,8	65,2	68,5	71,3	71,3	72,1	67,5	1,6
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	36,2	34,8	31,5	28,7	28,7	27,9	32,5	1,6
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	7,0	4,7	4,6	4,9	4,2	5,3	11,2	1,1
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	39,8	40,3	40,1	41,2	41,0	40,6	38,1	0,7
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	49,3	49,7	48,2	48,0	48,4	47,7	46,0	0,7
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	22,1	21,9	22,1	23,1	21,9	21,4	21,0	0,8
Starfs- og framhaldsmenntun ISCED 3, 4								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	84,7	84,5	83,3	82,6	83,6	82,0	80,9	1,1
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	82,0	82,9	81,5	80,8	82,2	80,4	76,0	1,2
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	77,1	76,5	78,6	79,2	78,9	80,5	77,1	1,3
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	22,9	23,5	21,4	20,8	21,1	19,5	22,9	1,3
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	3,1	1,9	2,2	2,2	1,6	1,9	6,1	0,8
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	44,8	45,2	43,7	43,5	42,6	42,1	39,9	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	50,8	51,3	48,8	48,3	47,2	46,5	44,7	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	23,7	24,7	24,2	24,5	24,4	22,8	23,6	0,9
Háskólamenntun ISCED 5, 6								
Atvinnuþátttaka, % <i>Activity rate</i>	95,3	94,7	93,6	92,1	92,0	91,4	91,2	1,0
Hlutfall starfandi <i>Employment rate</i>	94,4	93,9	92,3	90,9	91,1	89,9	87,6	1,2
Í fullu starfi, % <i>Employed full-time</i>	83,2	83,8	83,7	83,1	83,5	84,3	83,4	1,4
Í hlutastarfi, % <i>Employed part time</i>	16,8	16,2	16,3	16,9	16,5	15,7	16,6	1,4
Atvinnuleysi, % <i>Unemployment rate</i>	0,9	0,8	1,4	1,3	0,9	1,6	4,0	0,7
Heildarvinnutími, klst. <i>Average hours of work</i>	46,9	47,5	44,5	42,4	41,9	42,0	40,9	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	50,6	50,8	47,4	44,9	44,5	44,7	43,8	0,5
Vinnutími í fullu st., klst. <i>Full-time hours of work</i>	27,8	29,5	28,7	28,8	28,0	26,8	26,0	1,2

Skýringar Notes: Hlutföll eru reiknuð af fjöldatölum áður en þær eru námundaðar að næsta hundraði. *Percentage distribution is calculated before total figures are rounded to the closest hundred.*

Tafla 2. Vinnumarkaður 1991–2009 — áætlaður fjöldi*Table 2. Labour market 1991–2009 — estimated number*

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Alls Total								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	177.000	185.600	198.000	210.100	217.900	223.000	223.400	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	144.400	152.800	162.800	174.600	181.400	184.100	180.900	1.400
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	32.600	32.800	35.200	35.500	36.500	38.900	42.600	1.400
Starfandi <i>Employed</i>	138.000	148.300	158.000	169.600	177.200	178.600	167.800	1.600
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	100.000	108.100	120.000	131.500	137.600	140.500	127.300	1.300
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	38.100	40.300	38.100	38.100	39.600	38.000	40.500	1.300
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	6.500	4.400	4.700	5.000	4.200	5.500	13.100	900
Karlar Males								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	89.200	93.600	99.800	108.100	112.900	115.300	114.000	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	77.500	81.500	86.300	94.600	98.800	100.400	96.600	900
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	11.700	12.100	13.500	13.500	14.000	14.900	17.500	900
Starfandi <i>Employed</i>	74.200	79.500	83.700	92.000	96.600	97.100	88.300	1.100
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	66.800	70.700	75.000	82.900	87.100	87.400	77.100	800
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	7.500	8.800	8.700	9.100	9.500	9.700	11.200	800
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	3.200	2.000	2.600	2.600	2.300	3.300	8.300	700
Konur Females								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	87.800	92.000	98.200	102.000	105.000	107.600	109.400	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	67.000	71.300	76.500	80.000	82.600	83.700	84.300	1.000
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	20.900	20.700	21.700	22.000	22.500	24.000	25.100	1.000
Starfandi <i>Employed</i>	63.700	68.900	74.300	77.500	80.700	81.500	79.500	1.100
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	33.100	37.400	45.000	48.600	50.500	53.200	50.100	1.100
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	30.700	31.500	29.300	29.000	30.200	28.300	29.400	1.100
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	3.200	2.500	2.100	2.400	1.900	2.200	4.800	500
Höfuðborgarsvæði Capital region								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	104.400	113.500	125.800	136.900	142.800	145.100	145.100	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	84.500	93.000	103.100	113.700	119.700	120.200	117.900	1.200
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	20.000	20.600	22.600	23.200	23.100	24.800	27.200	1.200
Starfandi <i>Employed</i>	80.600	90.000	99.900	110.200	116.900	116.600	108.700	1.300
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	58.200	65.800	76.400	86.300	92.100	92.700	82.300	1.100
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	22.400	24.200	23.500	24.000	24.800	23.900	26.300	1.100
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	3.900	2.900	3.200	3.500	2.800	3.600	9.200	800
Utan höfuðborgarsvæðis Other regions								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	72.600	71.900	72.200	73.400	75.400	78.000	78.200	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	59.900	59.800	59.600	60.700	61.700	63.800	62.800	900
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	12.600	12.100	12.700	12.700	13.700	14.200	15.300	900
Starfandi <i>Employed</i>	57.400	58.200	58.000	59.200	60.300	62.000	59.000	1.000
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	41.800	42.200	43.500	45.000	45.500	47.900	44.900	800
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	15.700	16.100	14.600	14.200	14.700	14.100	14.100	800
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	2.500	1.500	1.500	1.500	1.400	1.900	3.900	500

Tafla 2. Vinnumarkaður 1991–2009 — áætlaður fjöldi (frh.)
 Table 2. Labour market 1991–2009 — estimated number (cont.)

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Reykjavík Capital city								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	69.400	74.100	78.300	84.300	86.900	87.600	84.900	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	55.500	60.100	63.700	69.800	72.700	72.000	68.200	900
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	13.900	14.000	14.600	14.500	14.200	15.600	16.800	900
Starfandi <i>Employed</i>	52.600	58.100	61.500	67.600	71.000	69.800	62.400	1.100
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	38.500	43.000	47.800	52.800	55.500	55.300	46.900	900
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	14.200	15.100	13.800	14.700	15.500	14.500	15.500	900
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	2.900	2.000	2.200	2.200	1.600	2.200	5.800	600
Nágrenni Reykjavíkur								
Reykjavík surrounding areas								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Pop. 16–74 years</i>	35.100	39.600	47.400	52.400	55.500	57.300	60.300	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	29.000	32.900	39.500	44.100	47.000	48.200	49.900	800
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	6.100	6.700	7.900	8.300	8.500	9.100	10.500	800
Starfandi <i>Employed</i>	27.900	32.000	38.500	42.800	45.900	46.800	46.400	800
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	19.700	23.000	28.800	33.600	36.600	37.400	35.500	700
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	8.300	9.100	9.700	9.200	9.300	9.400	11.000	700
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	1.100	900	1.100	1.300	1.100	1.400	3.400	500
16–24 ára 16–24 years								
Mannfjöldi <i>Population</i>	35.700	36.200	36.700	37.700	39.100	40.200	40.500	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	23.800	26.400	27.300	29.900	31.300	31.600	29.700	700
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	11.900	9.900	9.400	7.800	7.800	8.600	10.800	700
Starfandi <i>Employed</i>	21.600	24.700	25.400	27.400	29.000	29.000	25.000	800
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	13.400	13.700	14.600	16.500	17.100	17.300	12.700	600
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	8.200	11.100	10.800	10.900	12.000	11.700	12.200	600
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	2.300	1.600	1.900	2.500	2.200	2.600	4.700	500
25–54 ára 25–54 years								
Mannfjöldi <i>Population</i>	104.400	110.700	118.100	125.200	130.100	132.400	131.000	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	95.200	101.300	107.600	113.700	117.900	119.000	117.000	900
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	9.200	9.400	10.500	11.500	12.300	13.400	14.000	900
Starfandi <i>Employed</i>	91.900	99.200	105.400	111.600	116.300	116.700	109.800	1.100
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	69.400	76.500	85.100	91.900	96.500	98.700	90.500	1.000
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	22.500	22.700	20.300	19.700	19.800	18.000	19.300	1.000
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	3.400	2.200	2.300	2.100	1.600	2.400	7.200	700
55–74 ára 55–74 years								
Mannfjöldi <i>Population</i>	36.800	38.600	43.200	47.200	48.700	50.400	52.000	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	25.400	25.100	27.900	31.000	32.300	33.500	34.200	700
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	11.400	13.500	15.400	16.200	16.400	16.900	17.800	700
Starfandi <i>Employed</i>	24.600	24.400	27.400	30.600	31.900	32.900	33.000	700
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	17.200	17.900	20.300	23.100	24.000	24.500	24.000	600
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	7.400	6.500	7.000	7.500	7.900	8.400	9.000	600
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	800	700	500	500	300	500	1.200	300

Tafla 2. Vinnumarkaður 1991–2009 — áætlaður fjöldi (frh.)
 Table 2. Labour market 1991–2009 — estimated number (cont.)

	1991– 1995	1996– 2000	2001– 2005	2006	2007	2008	2009	Öryggis- bil ± CI 2009
Grunnmenntun ISCED 1, 2								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Popul. 16–74 years</i>	79.700	84.700	79.100	76.500	77.500	82.200	82.200	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	60.200	65.300	60.500	60.300	60.300	63.800	61.100	1.000
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	19.500	19.400	18.600	16.200	17.100	18.400	21.200	1.000
Starfandi <i>Employed</i>	56.000	62.300	57.800	57.300	57.800	60.500	54.200	1.100
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	35.800	40.600	39.500	40.900	41.200	43.600	36.600	900
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	20.300	21.700	18.300	16.400	16.600	16.900	17.600	900
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	4.200	3.000	2.800	3.000	2.600	3.400	6.900	700
Starfs- og framhaldsmenntun ISCED 3, 4								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Popul. 16–74 years</i>	79.900	78.000	80.200	82.400	87.100	84.800	83.600	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	67.600	65.900	66.800	68.000	72.800	69.500	67.700	900
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	12.200	12.100	13.400	14.400	14.300	15.300	16.000	900
Starfandi <i>Employed</i>	65.500	64.700	65.300	66.600	71.600	68.200	63.500	1.000
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	50.500	49.500	51.300	52.700	56.500	54.900	49.000	800
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	15.000	15.200	14.000	13.900	15.100	13.300	14.500	800
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	2.100	1.200	1.500	1.500	1.200	1.300	4.100	500
Háskólamenntun ISCED 5, 6								
Mannfjöldi 16–74 ára <i>Popul. 16–74 years</i>	17.400	22.800	37.600	49.600	52.300	55.000	56.700	•
Vinnuafli <i>Labour force</i>	16.600	21.600	35.200	45.700	48.100	50.200	51.700	600
Utan vinnumarkaðar <i>Not in labour force</i>	800	1.200	2.500	3.900	4.200	4.700	5.000	600
Starfandi <i>Employed</i>	16.500	21.400	34.700	45.100	47.600	49.400	49.600	700
Í fullu starfi <i>Employed full-time</i>	13.700	18.000	29.000	37.400	39.800	41.700	41.400	700
Í hlutastarfi <i>Employed part time</i>	2.800	3.500	5.700	7.600	7.900	7.800	8.200	700
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	200	200	500	600	400	800	2.100	400

Skýringar Notes: Fjöldatölur eru námundaðar að næsta hundraði. *Numbers are rounded to the closest hundred.*

Hagtfðindi Statistical Series

95. árg. • 31. tbl.

ISSN 0019-1078

Laun, tekjur og vinnumarkaður Wages, income and labour market

2010:8

ISSN 1670-4495 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4509 (rafræn útgáfa *pdf*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Lárus Blöndal • larus.blondal@hagstofa.is

Ólafur Már Sigurðsson • olafur.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildir. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series